

Samningur um veiðar smitaðra anda í Friðlandi að Fjallabaki

Neðangreindir aðilar hafa þann 17. apríl 2019 gert með sér eftirfarandi verksamning
(„samningurinn“)

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 („verkkaupi“) og

Firring ehf., kt. 700101-2740 („verktaki“).

Umhverfisstofnun Áb. <i>HR</i>
14. maí 2019 09.04.09
Tilv. <i>VST/2019/04-227</i>

1. Skilgreining verks og ábyrgð

- 1.1. Verktaki tekur að sér fyrir verkkaupa að skjóta stökkendur og duggendur, sem smitaðar eru af sníkjudýrum (fuglablóðögðu - Schistosomatidae) við náttúrulegina í Landmannalaugum innan friðlandsins að Fjallabaki.
- 1.2. Verktaki skal gæta þess að fylgja í hvívetna ákvæðum viðkomandi laga og reglugerða, svo sem laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerðar nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 55/2013 um velferð dýra auk friðlýsingarskilmála um Friðlandið að Fjallabaki nr. 354/1979.
- 1.3. Verktaki er ábyrgur gagnvart verkkaupa og yfirvöldum fyrir því að verkið sé útfært í samræmi við samning þennan og óskir verkkaupa.

2. Tilgangur

- 2.1. Tilgangur samningsins er að koma í veg fyrir smit sníkjudýra sem finnast í öndum á svæðinu og hafa valdið umtalsverðum ama á svæðinu þar sem að sníkjudýrin geta borist í gesti náttúrulega.

3. Framkvæmd verks

- 3.1. Verktaka er heimilt að skjóta stökkendur og duggendur innan friðlandsins á tímabilinu 1. september til 15. mars ár hvert, en komi upp sú staða að skjóta þurfi endurnar utan þess tímabils skal verkkaupi afla leyfis í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og villtra spendýra. Við veiðar utan löglegs veiðitímabils skal verktaki hafa skriflegt leyfi meðferðis.
- 3.2. Verktaki hefur umsjón með veiðum hverju sinni og gætir í hvívetna að sínu eigin öryggi og öryggi gesta svæðisins.
- 3.3. Verktaki skal hirða allar skotnar endur og skila þeim til Tilraunamiðstöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum strax að loknum veiðum í samræmi við leiðbeiningar frá sérfræðingi Tilraunamiðstöðvarinnar.
- 3.4. Verði verktaki var við smitaðar endur sem friðaðar eru samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er honum óheimilt að skjóta þær nema að höfðu samráði við verkkaupa sem skal afla leyfis til veiðanna í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994.
- 3.5. Sjái verktaki fram á að hann þurfi eða að betur henti að nota einhverjar þær veiðiaðferðir sem ólöglegar eru samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 64/1994, í þeim tilgangi að ná tilætluðum árangri, skal hann afla leyfis verkkaupa í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laganna.
- 3.6. Þörf á veiðum verður metin af verkkaupa tvisvar á ári, í byrjun hvers árs (janúar/febrúar) og að vori (maí/júní). Verktaki skal fá samþykki verkkaupa áður en

Mok
KX

haldið er af stað í veiðiferð. Verktaki skal einnig hafa samráð við Ferðafélag Íslands áður en veiðar hefjast.

- 3.7. Verktaki greiðir upphald og ferðakostnað og útvegar allan nauðsynlegan búnað til verksins. Alls verða tveir fulltrúar verktaka að veiðum hverju sinni

4. Samningsupphæð og greiðslur

- 4.1 Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka 100.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir hvern unninn dag auk efniskostnaðar, 15.000 kr. fyrir hverja veiðiferð.
- 4.2 Verktaki skal ekki halda til veiða án þess að verkkaupi hafi samþykkt veiðiferðina með tölvupósti fyrirfram. Verkkaupi skal samþykkja áætlaðan fjölda daga fyrir hverja veiðiferð áður en haldið er til veiða. Breytist aðstæður þannig að veiðiferð lengist skal afla samþykkis verkkaupa fyrir auka degi með tölvupósti.
- 4.3 Verkkaupi áskilur sér rétt til að greiða ekki fyrir veiðidaga sem ekki hafa verið samþykktir fyrirfram.
- 4.4 Verktaki skal gefa út reikning í samræmi við kröfur Ríkisskattstjóra fyrir hverja veiðiferð, þar sem fjöldi veiðidaga kemur fram. Samningsupphæð innir verkkaupi af hendi með því að greiða inn á reikninginn eigi síðar en 30 dögum eftir móttöku hans.
- 4.5 Ekki má verða dráttur á samþykktum reikninga umfram þann tíma sem tekur að ganga úr skugga um að þeir byggist á réttum forsendum.

5. Gildistími

- 4.1. Samningur þessi gildir frá undirritun til 1. júlí 2023 og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af hálfu beggja samningsaðila.

6. Ágreiningur

- 5.1. Rísi ágreiningur út af samningi þessum milli verkkaupa og verktaka er hvorum aðila um sig heimilt að reka mál vegna hans fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

17. apríl 2019

F.h. Umhverfisstofnunar

Kristín Kalkarsdóttir

F.h. Firingar ehf

Magnús Þorláksson